



Félag löggiltra endurskoðenda

Námskeið 18. maí, 2017 Bundnir eiginfjárreikningar – breytingar á lögum um ársreikninga

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Reikningsskilanefnd FLE, Jón Arnar Baldurs og Signý Magnúsdóttir
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 18. maí 2017 kl. 8:30 – 11:30
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum reikningsskil og fjármál
Verð:	Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 24.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 14:00 - 17. maí

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga sem snúa að bindingu eiginfjár vegna matsbreytinga, hlutdeildartekna, eignfærðs þróunarkostnaðar og endurmats varanlegra rekstrarfjármuna. Farið verður yfir dæmi um hvernig fyrirtæki hafa leyst þessi atriði við ársreikningsgerð ársins 2016 og þá óvissu sem uppi er varðandi bindingu eiginfjár. Verkefni sem reyna á bindingu eiginfjár verða lögð fyrir þátttakendur. Helstu atriði sem fjallað verður um eru :

- Binding eigin fjár vegna hlutdeildartekna
- Binding eigin fjár vegna endurmats varanlegra rekstrarfjármuna
- Binding eigin fjár vegna eignfærðs þróunarkostnaðar
- Gangvirðisreikningur vegna fjáreigna á gangvirði

Leiðbeinendur:

Jón Arnar Baldurs, endurskoðandi. Hann fékk löggildingu árið 2000 og rekur eigið endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki, Ró ehf. Jón Arnar var verkefnastjóri hjá Alþjóða reikningsskilaráðinu um árabíl. Hann var stundakennari við HÍ og er formaður í Reikningsskilanefnd FLE



Signý Magnúsdóttir, er löggiltur endurskoðandi og einn af meðeigendum hjá



Deloitte ehf. Hún útskrifaðist með meistarágráðu í endurskoðun og reikningsskilum árið 2008 og hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 2011. Signý hefur sérhæft sig í endurskoðun og reikningsskilum og mjög góða þekkingu og reynslu af IFRS. Hún situr í Reikningsskilaráði, reikningsskilanefnd FLE og auk þess verið stundakennari við HÍ í reikningsskilum.